

Ed.

344. Frumvarp til laga

[163. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 6. gr., sbr. lög nr. 41/1973, 1. gr. bætist nýr töluliður, 5. töluliður, svohljóðandi:

5. Fyrir háttsemi, sem greinir í millirikjasamningi frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur hegningarlaganefnd samið, en óskað var álits nefndarinnar á því, hvort breyta þyrfti íslenskum lögum til þess að unnt væri að fullgilda millirikjasamning frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

Nefndin taldi ekki þörf annarra lagabreytinga en þeirrar sem felst í þessu frumvarpi.

Jafnframt því að þetta frumvarp er flutt, verður borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning frá 14. desember 1973.

Hegningarlaganefnd lét frumvarpinu fylgja svohljóðandi greinargerð:

Með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna hinn 14. desember 1973 var fallist á samning (convention) um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum. Millirikjasamningur þessi hefir verið undirritaður af Íslands hálfu, en eigi fullgiltur. Samkvæmt 2. gr. þessa samnings skal eftirfarandi ásetningarverknaður talinn glæpur samkvæmt lögum aðildarríkis:

- a) morð, mannrán eða önnur árás gegn persónu eða frelsi einstaklings, er nýtur alþjóðlegrar verndar;
- b) ofbeldisárás gegn opinberum vinnustað, einkadvalarstað eða farartæki einstaklings, er nýtur alþjóðlegrar verndar, ef líklegt er, að slík árás stofni persónu hans eða frelsi í hættu;
- c) hótun um að fremja einhvern slíkan verknað;
- d) tilraun til þess að fremja einhvern slíkan verknað;
- e) verknaður feli í sér hlutdeild í einhverri slíkri árás.

Er aðildarríki lögð sú skylda á herðar með samningnum að lýsa slíka glæpi refsiverða og mæla fyrir um hæfilegar refsingar, þar sem tillit sé tekið til þess, hve alvarlegir þeir eru.

Þau ákvæði íslenskra hegningarlaga, sem til greina koma í sambandi við framangreinda háttsemi, eru fyrst og fremst ákvæði XXIII., XXIV. og XXV. kafla alm. hegningarlaga, auk þess sem ákvæði XVIII. kafla og XXVII. kafla gætu komið til greina. Benda má á, að samkvæmt 94. gr. er mælt svo fyrir, að ef verknaði, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla almennra hegningarlaga, er beint að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum þess hér á landi, má auka refsingu þá, sem við brotinu liggur, þannig að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Þá má einnig benda á 95. gr. alm. hegningarlaga, er leggur refsingu við að smána opinberlega m. a. æðsta ráðamann þjóðhöfðingja erlends ríkis, fána þess

eða annað viðurkennt þjóðarmerki, svo og að hafa í frammi skammaryrði eða aðra ar móðganir eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn ríkisins, sem staddir eru hér á landi. Þótt vafasamt sé, að ákvæðum XII. kafla alm. hegningarlaga, er varða atlægur að opinberum starfsmönnum, tálmun í starfi, ærumeiðingu í þeirra garð o. fl., verði beitt um erlenda opinbera starfsmenn sem slíka, þá sýnir framangreint yfirlit yfir ákvæði alm. hegningarlaga, sem beita má, að á þessu stigi er ekki almennt þörf á refsíákvæðum út af háttsemi þeirri, er greinir í samningnum frá 14. desember 1973, þótt hann verði fullgiltur af Íslands hálfu.

Í 3. gr. samningsins frá 14. desember 1973 er ríki gert að skyldu að tryggja með innanlandslöggjöf viðtæka refsilögsögu út af verknaði þeim, er 2. gr. samningsins tekur til og reifaður var hér að framan. Þykir nauðsyn bera til, að bæta ákvæði við 6. gr. alm. hegningarlaga til þess að rýmka um refsilögsögu Íslands, svo að hún taki með vissu til brota og brotamanna, sem samningurinn fjallar um. Er þetta frumvarp miðað við þessa nauðsyn. Að sjálfsgöðu verður það ákvæði ekki virkt, ef lögfest verður, fyrr en fyrrgreindur samningur hefir verið fullgiltur og tekur gildi að því er Ísland varðar. Ákvæðið er sams konar að efni til og dönsk lög frá 26. júní 1975. Hinn nýi töluliður 6. gr. alm. hegningarlaga, 5. töluliður, bætist aftan við 4. tölulið, svo sem hann er orðaður með lögum nr. 41/1973, 1. gr. Athygli er vakin á orðalagi upphafsákvæðis 6. gr. alm. hegningarlaga, þar sem segir, að refsa skuli eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot, sem svo er háttað um sem segir í töluliðunum þar á eftir, þ. á m. þeim tölulið, sem leitað er lögfestingar á með frumvarpinu.

Í 1. gr. samningsins frá 14. desember 1973 segir um þá, sem verndar njóta samkvæmt samningnum. Þykir það ákvæði eigi veita tilefni til þess að svo stöddu að breyta íslenskum hegningarlögum, þótt þeir opinberir starfsmenn erlendir, sem þar greinir, njóti a. m. k. stundum aðeins verndar eftir hinum almennu ákvæðum íslenskra hegningarlaga um atlægur að lífi og limum, frelsi og æru o. fl.

Önnur ákvæði samningsins frá 14. desember 1973 þarfnast eigi sérstakrar um-sagnar hér.